



# Kaskótrygging eftirvagna

Skilmáli nr. BK70

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470 hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. BK70.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Kaskótrygging eftirvagna er fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki sem eiga eftirvagna sem ekki eru húsvagnar.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Þegar þú kaupir kaskótryggingu eftirvagna ertu að tryggja eftirvagn fyrir tjóni. Þú sem eigandi eftirvagnsins ert tryggður.

## 1. Hvað er tryggt?

1.1 Tryggingin gildir fyrir þann eftirvagn sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 2. Hver er tryggður?

2.1 Eigandi eftirvagns er tryggður.

## 3. Hvar gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin gildir á Íslandi.

## 4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 Tryggingin bætir beint tjón á eftirvagni vegna skyndilegra, utanaðkomandi atvika, sem ekki eru sérstaklega undanskilin í þessum skilmála.

4.2 Tryggingin bætir einnig kostnað við björgun eða flutning til næsta viðgerðarverkstaðis sem VÍS fellst á ef eftirvagn verður óökufær vegna bótaskylds tjóns.

## 5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Tjón sem orsakast af snöggum hita og/eða rakabreytingum.

5.2 Skemmdir af sliti, göllum í smíði eða gerð, rangri samsetningu, broti eða annarri bilun í eða á eftirvagninum.

5.3 Skemmdir á málningu eða rispur á eftirvagni sem mega teljast eðlilegar vegna notkunar eftirvagnsins.

5.4 Brot eða skemmdir á ljóskerum eingöngu.

5.5 Skemmdir á rafmagnsleiðslum, mælum eða rafgeymum vegna skammhlaups sem ekki veldur eldsvoða.

5.6 Þjófnað á einstökum hlutum eftirvagnsins.

5.7 Tjón sem verður við akstur þar sem opinberir aðilar hafa varað við akstri vegna vindstyrks eða vindhviða.

5.8 Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 6. Varúðarreglur

6.1 Ökumaður ökutækis sem dregur eftirvagn skal hafa þau réttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að aka með eftirvagn.

6.2 Ökumaður skal vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta ekið með eftirvagn og skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna né annarra örvandi eða deyfandi efna við notkun ökutækis sem dregur eftirvagn.

6.3 Ganga skal tryggilega frá eftirvagni og læsa honum þegar hann er ekki í notkun og geyma skal lykla á öruggum stað.

6.4 Tryggður skal viðhalda eftirvagni í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru til tryggðra með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er fyrir tryggða að vita hverjar þær eru.



framleiðanda.

- 6.5 Tryggður skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda um notkun eftirvagns.
- 6.6 Tryggður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun eftirvagns og sjá til þess að hann uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- 6.7 Tryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður eftirvagns og ökutækisins sem dregur hann sé ávallt í lagi.

## 7. Breytt notkun á eftirvagni

- 7.1 Tilkynna ber VÍS tafarlaust ef notkun á eftirvagni breytist frá því sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Hér er m.a. átt við notkun í tengslum við útleigu eftirvagnsins. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS á atburði lækki að tiltölu miðað við hvað verð tryggingarinnar hefði orðið við breytta notkun.

## 8. Háttsemi annarra

- 8.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki skráðs eiganda eða umráðamanns er ábyrgur fyrir eftirvagni.<sup>1</sup>
- 8.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og stjórnanda ökutækis sem dregur eftirvagn.

## 9. Tryggingarfjárhæð

- 9.1 Tryggingarfjárhæð ræðst af verðmæti eftirvagnsins. Verðmæti tryggða er sú upphæð sem sambærilegur eftirvagn að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.
- 9.2 Tryggingarfjárhæð samkvæmt gr. 9.1 getur þó aldrei orðið hærri en sú tryggingarfjárhæð sem kemur fram í skírteini og endurnýjunarkvittun, ef hún er tilgreind þar.

## 10. Ákvörðun bóta

- 10.1 VÍS greiðir bætur fyrir alþjón ef:
  - 10.1.1 Eftirvagninn verður fyrir svo miklum skemmdum að VÍS álitur viðgerð ekki borga sig.
  - 10.1.2 Eftirvagninum er stolið og hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að VÍS var tilkynnt um atburðinn.
- 10.2 Verði alþjón á eftirvagninum ræður VÍS hvort það:
  - 10.2.1 Greiði verðmæti eftirvagnsins gegn afsali.
  - 10.2.2 Greiði mismun á verðmæti eftirvagnsins fyrir og eftir tjón.
  - 10.2.3 Útvegi annan eftirvagn sömu tegundar sem er sambærilegur að aldri og gerð. Ef útvegaður er annar eftirvagn hefur VÍS heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi tryggingartaka fyrir hinu skemmda.
- 10.3 Bætur fyrir tjón að hluta:
  - 10.3.1 Skemmist eftirvagn án þess að skilyrði greina 10.1 – 10.2 séu fyrir hendi greiðir VÍS viðgerðarkostnað að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að hið tryggða sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við eftirvagninn.
  - 10.3.2 Verði tjón á hjólbörðum og/eða felgum greiðir VÍS aðeins bætur fyrir þá hjólbarða/felgur sem urðu fyrir tjóni, þó að skipta þurfi um aðra/-r.
  - 10.3.3 VÍS hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem VÍS samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
  - 10.3.4 VÍS greiðir ekki bætur vegna skemmda sem voru á eftirvagni fyrir tjónsatburð.
  - 10.3.5 Hafi VÍS samþykkt viðgerð á eftirvagni greiðir það flutningskostnað til verkstæðis sem það hefur samþykkt.
  - 10.3.6 VÍS bætir ekki lækun á markaðsverði eftirvagnsins, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

## 11. Framsal

- 11.1 Framsal réttinda samkvæmt tryggingarsamningi er háð samþykki VÍS.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**

<sup>1</sup> Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.